

Núverandi texti og reglur:

Ungir listamenn í Garðabæ á aldrinum 15-25 ára geta sótt um styrk í Hvatningarsjóð fyrir unga listamenn. Einstaklingar og hópar geta sótt um styrk til hvers kyns listviðburða eða verkefna sem fara fram á árinu og næsta ári.

Tekið verður sérstaklega tillit til verkefna/viðburða sem fara fram í Garðabæ og eru til þess fallnir að efla menningarlíf bæjarins. Styrkur er ekki ætlaður til náms eða námskeiða.

[Hér má skoða auglýsingu um umsóknir í Hvatningarsjóð árið 2021.](#)

Reglur um Hvatningarsjóð fyrir unga listamanna í Garðabæ

1. gr.

Í samræmi við fjárhagsáætlun Garðabæjar hverju sinni skal árlega veita styrki til ungra listamanna í Garðabæ til að efla þá og hvetja til frekari listsköpunar. Menningar- og safnanefnd Garðabæjar skal úthluta styrkjunum við sérstaka athöfn.

2. gr.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir eftir umsóknum um styrkina. Auglýst skal eftir umsóknum á vorönn. Hægt er að sækja um styrk á þar til gerðu umsóknareyðublaði vegna hvers kyns listforms.

3. gr.

Einstaklingar og hópar geta sótt um styrk í hvatningarsjóðinn til hvers kyns listviðburða eða verkefna á þessu ári og næsta ári. Styrkur er ekki ætlaður til náms eða námskeiða. Tekið verður sérstaklega tillit til verkefna/viðburða sem fara fram í Garðabæ og eru til þess fallnir að efla menningarlíf bæjarins. Á umsóknareyðublaði verður nánari útlistun á hvaða gögn þurfa að fylgja með umsóknum s.s. meðmæli, kostnaðaráætlun o.fl. Menningar- og safnanefnd verður heimilt að kalla eftir frekari greinargerð frá styrkþega að loknu verkefni.

4. gr

Þeir einstaklingar koma til greina við úthlutun styrkja sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í Garðabæ og eru á aldrinum 15-25 ára. Hópar sem fá styrk verða að vera samansettir af einstaklingum þar sem meirihluti hefur fasta búsetu í Garðabæ. Heimilt er að víkja frá þessum viðmiðum í

undantekningartilfellum. Menningar- og safnanefnd getur einnig úthlutað styrkjum til einstaklinga eða hópa án þess að viðkomandi hafi sótt um styrk.

5. gr.

Heildarupphæð styrkja miðast við fjárhagsáætlun hverju sinni. Menningar- og safnanefnd ákveður fjölda styrkja og upphæðir miðað við fyrirbyggjandi umsóknir hverju sinni. Menningar- og safnanefnd ákveður úthlutun úr hvatningarsjóðnum.

6. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 2. maí 2013.

Tillaga menningarfulltrúa að breytingum á reglum:

Ungt fólk á aldrinum 15-25 ára sem fæst við listir eða hönnun eiga kost á styrk úr Hvatningasjóði fyrir efnilega unga listamenn og hönnuði. Einstaklingar og hópar geta sótt um styrk til hvers kyns listviðburða eða verkefna sem fara fram á árinu og næsta ári.

Tekið verður sérstaklega tillit til verkefna/viðburða sem fara fram í Garðabæ og eru til þess fallnir að efla menningarlíf bæjarins og efla ungt fólk í Garðabæ til framtíða

Reglur um Hvatningarsjóð fyrir efnilega unga listamenn og hönnuði í Garðabæ

1. gr.

Í samræmi við fjárhagsáætlun Garðabæjar hverju sinni skal árlega veita styrki til ungra listamanna og hönnuða í Garðabæ til að efla þá og hvetja til frekari listsköpunar eða hönnunar. Menningar- og safnanefnd Garðabæjar skal úthluta styrkjum við sérstaka athöfn.

2. gr.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar auglýsir eftir umsóknum um styrkina. Auglýst skal eftir umsóknum á vorönn. Hægt er að sækja um styrk á þar til gerðu umsóknareyðublaði á vef Garðabæjar.

3. gr.

Einstaklingar og hópar geta sótt um styrk í hvatningasjóðinn til hvers kyns viðburða eða verkefna á sviði lista eða hönnunar á þessu ári og næsta ári. Styrkur getur einnig falið í sér að greiða fyrir sérnám eða námskeið sem sannarlega eflir umsækjanda. Tekið verður sérstaklega tillit til verkefna/viðburða sem fara fram í Garðabæ og eru til þess fallnir að efla menningarlíf bæjarins. Kostnaðaráætlun, meðmæli og kynning á verkefni þarf að fylgja umsóknum. Þá þarf styrkþegi að skila inn greinagerð að loknu verkefni og tilkynna um breytingar á áætlun ef við á.

4. gr

Þeir einstaklingar koma til greina við úthlutun styrkja sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í Garðabæ og eru á aldrinum 15-25 ára. Hópar sem fá styrk verða að vera samansettir af einstaklingum þar sem meirihluti hefur fasta búsetu í Garðabæ. Heimilt er að víkja frá þessum viðmiðum í undantekningartilfellum. Menningar- og safnanefnd getur einnig úthlutað styrkjum til einstaklinga eða hópa sem viðurkenndir aðilar hafa bent á án þess að viðkomandi hafi sótt um styrk.

5. gr.

Heildarupphæð styrkja miðast við fjárhagsáætlun hverju sinni. Menningar- og safnanefnd ákveður fjölda styrkja og upphæðir miðað við fyrirliggjandi umsóknir hverju sinni. Menningar- og safnanefnd ákveður úthlutun úr hvatningarsjóðnum. Menningarfulltrúi Garðabæjar ásamt ungmennaráði Garðabæjar fer yfir umsóknir og veitir umsögn sem nefndir byggir á.

6. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.